

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsgötu 4, 4. hæð fimmtudaginn 23. mars og hófst hann kl. 15:30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Þróstur Helgason, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Blöndal, Jóhann R. Kristjánsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir og Sölvi Björn Sigurðsson. Brynhildur Þórarinsdóttir, Guðrún Rögnvaldardóttir, Steinunn Njálisdóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir boðuðu forföll. Iuliana Kalenikova var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing í október

Formaður kynnti málþing sem til stendur að halda 10. eða 11. október um lestur unglunga og lesefni fyrir þennan aldurshóp. Leitað hefur verið eftir samstarfi við Samtök móðurmálskennara, Barnabókasetur á Akureyri, Félag íslenskra bókaútgefanda (FÍBÚT) og Félag höfunda barna- og unglungabóka (SÍUNG) og undirtektir hafa verið góðar.

Í fyrri hluti málþingsins verða haldin sex 7–10 mínútna erindi. Síðari hlutinn fer í umræður unglunga þar sem þeim er skipt niður á nokkur borð og þeir ræðast við undir stjórn annaðhvort framhaldsskólakennara eða rithöfundar. Í lokin verða dregnar saman niðurstöður.

Þremur bekkjum úr mismunandi framhaldsskólum verður boðið að taka þátt í málþinginu. Leitað hefur verið til RÚV til að vinna dagskrá um efni málþingsins. Fulltrúar frá SÍUNG og frá Samtökum móðurmálskennara koma á næsta stjórnarfund málnefndarinnar til að ræða frekari skipulagningu málþingsins.

2. Málræktarþing í nóvember.

Varaformaður kynnti málræktarþing sem verður haldið miðvikudaginn 15. nóvember í Þjóðminjasafninu. Málræktarþingið verður hefðbundið hvað varðar form, þ.e. fimm fyrirlestrar og ályktun málnefndar fyrir 2017 og veittar viðurkenningar. Málræktarþingið mun fyrst og fremst snúast um hvernig ritun sem fag þrífst – eða þrífst ekki – í skólakerfinu.

Eftirtaldir halda erindi á málræktarþinginu: Svanhildur Sverrisdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Baldur Sigurðsson frá Menntavísindasviði, Höskuldur Þráinsson og einhver nýútskrifaður háskólanemi. Óskað hefur verið eftir að Eliza Reed haldi erindi á málræktarþinginu en það hefur ekki enn fengist staðfest.

Nýlega bárust fréttir um að Menntamálastofnun hefði ákveðið að fella ritun niður úr samræmdu prófunum án samráðs við menntamálaráðuneytið og án þess að spyrja álits Íslenskrar málnefndar. Víða erlendis er lögð meiri áhersla á ritun en hérna heima. Hérlandis hefur ritun ekki verið á stundaskrá og vægi hennar hefur þrengst æ meira. Litið hefur verið á ritun sem aukaverk þegar öðru efni væri lokið. Ritun hefur of mikið snúist um villuleit, síður um innihald. Markmið málræktarþings er að snúa vörn í sókn og vekja athygli á ritun.

Melkorka benti á að það vantar einhvern viðburð á eldra skólastigi, t.d. í 10. bekk, á borð við stóru upplestrarkeppnina og kom fram með hugmynd um að blása til stóru ritunarkeppninnar. Melkorka taldi að áhugavert væri að taka upp slíka keppni sem snerist um að beita tungumálinu. Þar sem mikil vinna fer í að lesa yfir ritgerðir væri hentugra að um væri að ræða lifandi form þar sem nemendur læsu t.d. upp ljóð eða örsögu sem þeir hefðu samið. Það þyrfti að finna hverjir gætu séð um slíka keppni. Þróstur benti á að það þyrfti að vakna og viðurkenna netið sem miðil þar sem þarf að framleiða efni. Hann nefndi að *krakkaruv.is* hefði gengið mjög vel. Umræður urðu um mikilvægi þess að framleiða meira íslenskt efni á netinu.

3. Umræður um væntanlega ályktun Íslenskrar málnefndar

Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu í ár mun snúast um stöðu íslenskunnar hjá 13–19 ára með sérstaka áherslu á lestur og læsi og stöðu bóka fyrir þennan aldurshóp og svo hins vegar ritunarkennslu á skólastigi.

Mikilvægt er að ályktunin verði hvöss þannig að tekið sé eftir henni. Ályktunin fer til fjölmiðla og til allra þingmanna. Í ályktuninni mætti t.d. nefna virðisaukaskatt á bókum sem hækkar bókaverð. Mikilvægt er að gott efni fari inn í ályktunina og eru fulltrúar í málnefndinni hvattir til að senda tillögur um efni.

4. Önnur mál

Aukist hefur að tölvuskeyti berist beint til málnefndar í gegnum heimasíðuna íslenskan.is. Formaður leggur áherslu á að öllum erindum sé svarað. Engin svör hafa enn borist við þeim bréfum sem Íslensk málnefnd hefur sent til Menntamálastofnunar, Isavia, Listasafns Íslands eða Icelandair.

Ásta Kristín nefndi að flugfélagið WOW hefði öryggistilkynningar eingöngu á ensku. Hún mun senda ábendingu til stjórnar málnefndarinnar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.